

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hildur Jonsdottir <hildur.jonsdottir.no1@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 29. október 2023 21:12
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Styrkumsókn frá SIGURHÆÐUM
Attachments: Styrkumsókn Sigurhæðir Flóahreppur v 2024.pdf; Kostnaðaráætlun 2024.xlsx; 2024 Hlutur sveitarfélaga í Sigurhæðum með og án Sóknaaráætlunar.xlsx

Heil og sæl

Í viðhengjum er styrkumsókn frá SIGURHÆÐUM vegna 2024 og fylgiskjöl.

Með innilegu þakklæti fyrir órofa stuðning.

Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS OG HEIMILISOFBELDIS Á SUÐURLANDI

Flóahreppur
Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri
Þingborg
801 Selfoss

Selfossi, 27. október 2023

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Fyrir hönd SIGURHÆÐA færi ég Flóahreppi innilegar þakkir fyrir lofsverðan stuðning og gefandi samstarf í þágu skjólstæðinga SIGURHÆÐA sem koma víðs vegar að af Suðurlandinu. Víðar á landinu er nú horft til bæði þessa viðamikla samstarfs og nálgunar SIGURHÆÐA við þróun þjónustu og er það vel.

Nú er kostnaðaráætlun vegna 2024 tilbúin og nemur hún kr. 57.487.500. Sá tími ársins er runninn upp að óskað er styrkja til rekstursins frá sunnlenskum sveitarfélögum, sem öll eru samstarfsaðilar. Hækkun á kostnaðaráætlun frá fyrra ári stafar að mestu af verðlagshækkunum, hækkun á verktakagreiðslum vegna ráðgjafar- og meðferðar (sem höfðu ekki hækkað frá upphafi árið 2021) og hærri leigugreiðslum, en SIGURHÆÐIR fluttu fyrir í haust í stærra og hentugra húsnæði að Heiðmörk 1a á Selfossi. Að auki er jafn stígandi í aðsókn að úrræðinu.

Nú er svo komið að um 270 skjólstæðingar hafa verið eða eru í langtímaþjónustu, sem innifelur einstaklingsviðtöl, hópameðferð, EMDR áfallameðferð og einnig viðtöl við lögreglu, lögmann, innflytjendafræðslu og túlkun eftir atvikum. Þá hefur einnig verið tekið á mótí aðstandendum og börnum að ósk barnaverndaryfirvalda. Öll þjónusta SIGURHÆÐA er endurgjaldslaus. Vegna þessarar auknu aðsóknar hefur skapast færi á að auka hópastarf og gera það markvissara. Þannig eru núna starfandi hópar fyrir 24 ára og yngri, 24-59 ára, 60+ og enskumælandi innflytjendur. Hópastarfið felur í sér þrjár tíu vikna lotur og velur yfirgnæfandi meirihluti skjólstæðinganna allar þrjár loturnar.

Í undirbúningi eru breytingar á EMDR meðferðinni, svokölluð ASSYST-nálgun, sem munu fela í sér að hópa- og þrepaskipta henni þannig að fleiri fá sérhæfða áfallamiðaða nálgun á fyrstu þrepunum en færri munu þurfa einstaklingsmeðferð á lokaþrepum. Með þessum hætti verður hægt að stytta biðlista.

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Sú stefna hefur náð fram að ganga, sem er bæði lofsvert og þakkarvert. Er það dæmi um þá miklu ánægju, einhug og samstöðu sem ríkir um SIGURHÆÐIR, sem er einstök á landsvísu.

SIGURHÆÐIR hafa frá árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og hefur verið sótt um áframhald á þeirri stöðu fyrir árið 2024, þriðja árið í röð. Ákvörðun um áframhald mun ekki liggja fyrir fyrir en í desember. Þessar 5 mkr. hafa komið til frádráttar þeim upphæðum sem sótt er um til sveitarfélaganna. Því er hér enn á ný hafður sá háttur á að nefna tvær upphæðir vegna mögulegs styrks, með og án 5 mkr. framlags úr Sóknaráætlun. Verði framhald á stöðu SIGURHÆÐA sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar með óbreyttu framlagi þá er leitað eftir styrk frá Flóahreppi að upphæð kr. 297.412. Komi ekkert framlag úr Sóknaráætlun er leitað styrks að upphæð kr. 402.412.

Við viljum nota þetta tækifæri og minna á árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem Sameinuðu þjóðirnar hafa forgöngu um og markast af degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember. Litur átaksins er appelsínugulur og er átakingu víða sýnd virðing með því að flagga appelsínugulum fánum og lýsa byggingar upp í þeim lit, eins og öll íslensk sendiráð erlendis munu gera þessa daga. Er Flóahreppur hvattur til að taka þátt í átakingu.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og órofa samstöðu um SIGURHÆÐIR, úrræði sem hefur sannað gildi sitt svo eftir er tekið.

Virðingarfyllst,

Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Fylgiskjöl:

Kostnaðaráætlun 2024

Kostnaðarskipting sveitarfélaga

SIGURHÆÐIR

KOSTNAÐARÁÆTLUN 2024

I. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

4011 Síma- og internetkostnaður		100.000
4024 Pappír og prentun		300.000
4043 Rekstur kaffistofu		100.000
4051 Rekstrarvörur		35.000
4081 Rekstur tölvu- og bókunarkerfis		350.000
4084 Hugbúnaður		40.000
4093 Ferðakostnaður		600.000
4101 Endurskoðun og reikningsskil		450.000
4125 Aðkeypt sérfræðiaðstoð		37.800.000
Akstur	6.000.000	
Meðferðarstarf	28.000.000	
Assyst umsjón	1.700.000	
EMDR rannsókn	1.500.000	
Túlkun	600.000	
4140 Gjafir og framlög (ferðastyrkir)		200.000
4160 Félagsgjöld (EFJCA)		55.000
4223 Funda- og viðskiptakostnaður		2.000.000

II. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

3863 Aðkeypt þjónusta		9.700.000
Verkefnisstjórn m vsk	7.440.000	
Hönnun	400.000	
Lögmaður	260.000	
Fyrirlesarar / Stefnumótun	1.600.000	
4503 Húsaleiga		2.800.000
4512 Hiti		100.000
4513 Rafmagn		50.000
4552 Hreinlætisvörur		20.000
4573 Annar húsnæðiskostnaður		50.000
Ófyrirséð 5%		2.737.500
		57.487.500

SIGURHÆÐIR 2024

KOSTNAÐARÁÆTLUN 2024	57.487.500
Þriðjungshluttur	
sveitarfélaga án framlags	19.162.500
Hluttur sveitarfélaga að	
frádrögnum 5 mkr. /SASS	14.162.500

Íbúafjöldi á Suðurlandi skv. Hagstofu Íslands 1. janúar 2023: 33.805

Sveitarfélag	% af íbúafjölk m.v. þriðjung kostn.áætl	m.v 5.mkr. úr Sóknaráætlun	
Vestmannaeyjabær	13,4	2.567.775	1.897.775
Árborg	33,2	6.361.950	4.701.950
Hornafjörður	7,5	1.437.187	1.062.187
Mýrdalshreppur	2,6	498.225	368.225
Skaftárhreppur	2	383.250	283.250
Ásahreppur	0,9	172.462	127.462
Rangárþing eystra	6,1	1.197.155	863.912
Rangárþing ytra	5,5	1.053.937	778.937
Hrunamannahreppur	2,6	498.225	368.225
Hveragerðisbær	9,5	1.820.437	1.345.487
Ölfus	7,6	1.456.350	1.076.350
Grímsnes- og Grafningshreppur	1,6	306.600	226.600
Skeiða- og Ghúpverjehr.	1,7	325.762	240.762
Bláskógabyggð	3,8	728.175	538.174
Flóahreppur	2,1	402.412	297.412